

50. fundur fagráðs um siglingar

Dags. og staður: 21. október 2025, kl. 13, innviðaráðuneyti.

Viðstaddir: Páll Ægir Pétursson, formaður, Katrín Pálsdóttir (IRN), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Guðmundur Herbert Bjarnason (SFS), Stefán Guðmundsson (Samtök ferðaþjónustunnar), Kjartan Páll Sveinsson (Landssamband smábátæigenda), Guðmundur Óskarsson (Samtök verslunar og þjónustu), Halldór Arnar Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmtæknumanna), Bogi Þorsteinsson (Slysavarnaskóli sjómanna), Ásgrímur Lárus Ásgrímsson (LHG), Kristín Helga Markúsdóttir (SGS), Fannar Gíslason (Vegagerðin).

Aðrir gestir: Bjarki Sigbórsson (SGS) og Þorsteinn

Dagskrá:

1. Hafnsaga og leiðsaga skipa, yfirferð umsagnar Samgöngustofu um tillögur í öryggisátt frá RNSA
2. Kynning frá Samgöngustofu um hættumat um borð í skipum.
3. Önnur mál.
 - MLC2006 og viðaukar (Slysavarnaskóli sjómanna)
 - Netsambandsleysi á miðunum (formaður)

Hafnsaga og leiðsaga skipa:

Bjarki Sigbórsson frá Samgöngustofu kynnti fyrir okkur umsögn stofnunarinnar um tillögur í öryggisátt sem RNSA gaf út í skýrslu sinni um Norwegian Prima atvikið frá 2023.

Bjarki fjallar um norskar reglur um hafnsöguskyldu sem eru ítarlegri en þær íslensku. Ákvæði um hafsögumenn fela í sér þjónustu og leiðsögu um tiltekin hafnarsvæði. Geta þó ekki verið bindandi fyrir mæli um stjórn skipsins, sbr. ályktun IMO.

Að mati Samgöngustofu er mögulegt að ná fram settu markmiði með breytingum á hafnarreglugerðum og framkvæmd áhættumats hafna. Telja það hægt á grunni 2. mgr. 21. gr. hafnalaga.

Bjarki fór einnig yfir fjölda aðila með gild réttindi hér á landi.

Fjöldi hafnsögumanna með gild réttindi: 73

Fjöldi leiðsögumanna með gild réttindi: 20

Þeir sem hafa lokið hafnsögu og leiðsögunámskeiði: 48

Formaður ráðsins hélt einnig kynningu um sama málefni og fjallar um farþegaskip sem sigla um viðkvæm svæði, til dæmis í Arnarfirði og alveg upp að Dynjanda og setja fleiri hundruð farþega frá borði, án leiðsögu.

Formaður hefur áður kallað eftir að tekið verði upp fyrirkomulag þar sem staðkunnugir skipstjórnamenn eru um borð í erlendum skipum sem sigla á viðkvæmum svæðum.

Tillaga um að formaður skipi vinnuhóp sem leggi mat á fýsileika leiðsöguskyldu, greini kosti og galla, möguleg áhrif á ferðaþjónustu og umhverfi og geri tillögu að útfærslu.

Tillögunni vel tekið af ráðsmönnum og samþykkt. Bent á að skoða einnig út frá umhverfissjónarmiðum og sjónarmiðum landeiganda. Niðurstöður þarf að bera undir ráðherra

sem getur svo sent áfram á hagsmunaaðila, til dæmis Umhverfis- og orkustofnun og sveitarfélög, til umsagnar.

Málið þarf svo líka að skoða út frá því hvort mannskapur er til staðar til að sinna þessum verkefnum.

Innleiðing mats á hættu um borð í skipum

Þorsteinn Þorkelsson frá Samgöngustofu heldur kynningu. Fer yfir helstu atriði reglugerðar nr. 200/2007 en með henni er sett skylda á vinnuveitanda að framkvæma hættumat í skipum þar sem vinna fer fram. Engin eftirfylgni hefur verið með þessari kröfu hingað til.

RNSA hefur margoft gert tillögur í öryggisátt um þetta sé innleitt og því hefur verið skoðað innan SGS hvort ekki sé rétt að taka þetta upp. Frá næstu áramótum verður þessari kröfu fylgt eftir, með sanngjörnum hætti. Tæki og tól sem verða veitt til að auðvelda aðilum að framkvæma þetta hættumat.

Verður gefinn út upplýsingabæklingur og reynt að ná til allra hagaðila og skoðunaraðila. Slysavarnaskóli sjómanna hefur verið að kenna þetta síðustu 10 ár.

Eyðublað gefið út af Samgöngustofu með lágmarkinu. Og líka leyfilegt að nota smáforritin Ögguna og Ölduna.

MLC2006 og viðaukar

Bogi frá Slysavarnaskóla sjómanna fjallar um MLC2006 og viðauka. Formaður fékk ábendingu um að 2018 hafi verið gerðar breytingar á lögum og reglugerðum til að uppfylla kröfur samþykktarinnar. Enn er þó nokkuð eftir til að við uppfyllum öll skilyrði til að innleiða þessarar samþykktar.

ILO186 hefur verið fullgiltur hér á landi og vonir standa til þess að hægt verði að fullgilda ILO188 á næstu mánuðum. Vinna í gangi hjá innviðaráðuneyti og Samgöngustofu.

Kallað er eftir heildarupptöku þessara gerða. Fallist á að best fari á því að fullgilda og fara svo í að skoða hvort hægt er að taka þessar kröfur saman í eina reglugerð eða a.m.k. draga upplýsingarnar saman í handbók.

Formaður talar um ábendingu um frétt úr Fiskfréttum um ekkert netsamband á miðunum. Formaður hafði samband við Fjarskiptastofu. Niðurstaðan er sú að Síminn hefur ekki lokað neinum sendum sem gætu haft áhrif á fjarskiptasamband á sjó. Þegar 2 og 3G kerfin verða tekin úr notkun mun 4G koma inn á sama tíðnisvið. Það ætti ekki að hafa teljandi áhrif á samband þó í sumum tilfellum þurfi að uppfæra endurvarpa eða loftnet til að tryggja sem besta virkni. Öryggisfjarskipti sjófarenda byggja áfram á öðrum kerfum.

Næsti fundur 2. desember kl. 11 hjá Samgöngustofu.

Fundi slitið 15.00.